



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu miðvikudaginn 27.04.2015 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI) Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina. Viðar Erlingsson og Ragheiður Traustadóttir boðaði forföll.

Fundargerð

Formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar
 1. Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 25. mars var lögð fyrir og samþykkt.
 2. Fjármál
 1. Ársreikningur 2014
 - Ómar Kristjánsson endurskoðandi félagsins lagði fram og kynnti ársreikning 2014.
 - Fram kom að bókhald félagsins sé í mjög góðum málum og hafði endurskoðandinn engar athugasemdir.
 - Óskað var eftir því að á árinu 2015 verði náð betur utan um afstemmingu Nóra og bókhaldsins.
 - Óskað var eftir því að í ársskýrslu 2015 verði sýndar upplýsingar um kynjaskiptingu iðkenda.
 - Lagt var til að Ómar Kristjánsson verði áfram endurskoðandi félagsins
 - Óskað eftir því að gert yrði við hann ráðningarbref.
 -
 2. Heiðranir á aðalfundi
 1. Aðalstjórn tók til greina tillögur frá deildum um heiðranir og var ákveðið að eftirfarandi yrðu heiðraðir:

Koparstjörnu hljóta.....

Handknattleiksdeild	Fimleikadeild
<ul style="list-style-type: none">• Grétar Sveinsson• Jón Nóason• Ágústa Hjartardóttir• Dóra Viðarsdóttir• Gunnar Erlingsson• Guðrún Jónsdóttir• Hanna Kristín Gunnarsdóttir	<ul style="list-style-type: none">• Brynja Ástraðsdóttir• Guðný Hansdóttir• Guðný Gísladóttir• Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir• Þórarinna Sobeck• Sigurbjörg Jódís Ólafsdóttir• Sunna Sigurðardóttir
<u>Almenningsíþróttadeild</u>	<u>Knattspyrnudeild</u>
<ul style="list-style-type: none">• Svava Bernhöft• Agnar Jón Ágústsson	Anna María Kristmundsdóttir Baldvín Björn Haraldsson Halldór Ragnar Emilsson



	Magnús Stephensen
Körfuknattleiksdeild Eyjólfur Örn Jónsson	

Silfurstjörnu hljóta....

Almenningsíþróttadeild Ólafur Reimar Gunnarsson	Handknattleiksdeild Trausti Víglundsson
Knattspyrnudeild <ul style="list-style-type: none">• Einar Gunnar Guðmundsson• Jóhannes Jóhannesson• Sigurður Sveinn Þórðarson• Sturla Þorsteinsson• Valgeir Sigurðsson• Almar Guðmundsson• Einar Páll Tamimi	

Gullstjarnan

Jón Ásgeir Eyjólfsson

Íþróttamaður Stjörnunnar: Daníel Laxdal

Þjálfari ársins: Rúnar Páll Sigmundsson

Deild ársins: Knattspyrnudeildin

Félagsmálaskjöldur: Johann Ingi Jóhannsson (Jói bæjói)



Sérstakar viðurkenningar:

Siggeir Magnússon fær sérstaka viðurkenningu fyrir farsælt starf sem þjálfari hjá handknattleiksdeild Stjörnunnar.

Niclaes Jerkholt og Alice FLodin fá sérstaka viðurkenningu fyrir farsælt starf sem þjálfarar hjá fimleikadeild Stjörnunnar.

HEIÐURSFÉLAGAR

Lárus Blöndal og Snorri Olsen

Æðsta heiðursviðurkenning sem félagar í Stjörninni geta hlotið er GULLSTJARNNA með lárvíðarsveig. Þeir sem þessa viðurkenningu hljóta verða heiðursfélagar Stjörnunnar.

Báðir eiga þessir heiðursmenn eins og við flest, rætur sínar í félaginu í gegnum barna- og unglingastarfið, en tóku að sér að standa vörð um hagsmuni félagsins á vettvangi aðalstjórnar þess um langt árabíll. Þeir voru formenn félagsins í samtals 18 ár.

Ég vil biðja Lárus Blöndal og Snorra Olsen að koma hérna til okkar.

Lárus Blöndal var formaður Stjörnunnar frá 1994 til 2002 á miklum umbrota- og uppbyggingartímum í sögu félagsins. Í stjórnartíð Lárusar varð mikil breyting á skipulagi og rekstri félagsins, lög félagsins voru endurskoðuð og núverandi skipulag þess fest í sessi.

Lárus var kosinn í framkvæmdastjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands árið 2002, hann var ritari stjórnar ÍSÍ á árunum 2004-2006 og varaforseti sambandsins frá 2006uns hann tóki við starfi forseta ÍSÍ í við fráfall Ólafs Rafnssonar í júní 2013. Lárus var síðan kosinn forseti ÍSÍ á nýafstöðnu Íþróttáþingi.

Snorri Olsen var varaformaður Stjörnunnar frá 1994 til 2002 þegar hann tók við formennskunni af Lárusi Blöndal. Snorri lét af formennsku á aðalfundi félagsins árið 2011 eftir nærri tvo áratugi í aðalstjórn, þar af 10 ár við stjórnvölinn sem formaður. Í stjórnartíð Snorra voru stigin stór framfaraskref í fjármálum og rekstri félagsins. Framlög Garðabæjar til félagsins jukust og Afrekssjóður félagsins var stofnaður. Uppbygging íþróttamannvirkja var fyrirferðarmikil, nægir í því sambandi að nefna Mýrina, fimleikahúsið og endurnýjun knattspyrnuvalla við Ásgarð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15. Ritað J.Egils